



DEILDARSTJÓRN



Handknattleikur



Blak



Knattspyrna



Borðtennis



Taekwondo



Dans



Bandý

Deild skal starfa í samræmi við stefnu og lög félagsins sem aðalfundur félagsins setur. Mikilvægt er að samsetning stjórnar endurspegli starf deildarinnar og þátttöku beggja kynja.

Handbók deildarstjórna og skilgreining verksviða þeirra

Stjórn deildar skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, kjörnir á aðalfundi deildar og formenn flokksráða deildarinnar þar með talið formaður barna- og unglíngaráðs. Mikilvægt er að samsetning stjórnar endurspegli starf deildarinnar og þátttöku beggja kynja. Fulltrúar í stjórn deildar þurfa að hafa tíma og aðstöðu til að sinna verkefninu.

Stjórn er skipuð eftirtöldum embættum sem eru kosið um á aðalfundi deildar - formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi.

Fólk er kjörið í stjórn til að taka að sér og bera ábyrgð á tilteknu verkefni eða sviði þar sem allir stjórnarmenn hafa hlutverk og bera ábyrgð.

Deild skal starfa í samræmi við stefnu og lög félagsins sem aðalfundur félagsins setur. Aðalstjórn félagsins fylgir því eftir, hefur eftirlit með starfi deildar en vinnur jafnframt að því að bæta aðstæður hennar í samráði við deildina.

Lög HK

10. grein - Deildir

1. Félaginu er skipt í deildir sem hver sinnir afmörkuðu sviði íþróttta-, tómsunda- og/eða félagsmála.
2. Deildum félagsins er heimilt að setja sér starfsreglur á aðalfundi sínum sem skulu staðfestar á aðalfundi félagsins. Reglurnar öðlast gildi þegar í stað enda brjóti þær ekki í bága við lög félagsins eða almenn landslög.
3. Deildir eru háðar eftirliti aðalfundar félagsins um starfsemi sína og fjármál og aðalstjórnar félagsins milli aðalfunda.
4. Hver deild er fjárhagslega sjálfstæð en skal skila endurskoðuðum reikningum og skýrslu til aðalstjórnar 5 virkum dögum fyrir aðalfund deildarinnar.
5. Hver deild skal færa bókhald samkvæmt reglugerðum ÍSÍ um bókhald deilda.
6. Hver deild skal halda gerðabók um allar ákvarðanir stjórnar og annað markvert sem varðar starf hennar. Gerðabók skal vera aðgengileg aðalstjórn félags á hverjum tíma.
7. Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir iðkendur deildarinnar. Iðkendaskrá deildar skal aðgengileg aðalstjórn félags og framkvæmdastjóra á hverjum tíma.

12. grein – Aðalfundir deilda

1. Aðalfundir deilda fara með æðsta vald í málefnum þeirra, næst á eftir aðalfundi félags og aðalstjórn.
2. Hver deild skal halda aðalfund fyrir lok marsmánaðar ár hvert.
3. Boðað skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara í miðlum félagsins.
4. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað.
5. Félagaskrá skal liggja frammi, aðgengileg fundarmönnum og fundarstjóra.
6. Fundir deilda eru opnir en rétt til atkvæðagreiðslu hafa þeir sem eru á félagsskrá samkvæmt 5. gr. þessara laga tveimur vikum fyrir aðalfund deildar og verða 18 ára á fundarárinu.



7. Kjörgengir til trúnaðarstarfa deilda eru félagsmenn, en einnig njóta kjörgengis þeir sem lýsa með formlegum hætti yfir vilja til að gerast félagar í HK og þeir styðji markmið og tilgang félagsins.
8. Dagskrá aðalfundar deildanna skal vera:
 - a. Kosinn fundarstjóri og aðrir embættismenn fundarins
 - b. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar deildarinnar
 - c. Lögð fram skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
 - d. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til umræðu og afgreiðslu til aðalstjórnar félags
 - e. Kosningar:
 - i. Kjör formanns (annað hvort ár)
 - ii. Kjör varaformanns (annað hvort ár)
 - iii. Kjör ritara (annað hvort ár)
 - iv. Kjör gjaldkera (annað hvort ár)
 - v. Kjör meðstjórnanda til eins árs.
 - vi. Staðfesting formanna flokksráða
 - vii. Kjör fulltrúa á aðalfund HK
 - viii. Kjör í fjáröflunarráð ef aðalfundur ákveður.
 - f. Breytingartillögur á starfsreglum deildar bornar upp til atkvæða. Slíkar tillögur verða ekki teknar til afgreiðslu nema þeirra sé getið í fundarboði
 - g. Önnur mál
 - h. Á aðalfundi skal einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráða niðurstöðu.
 - i. Vanræki deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

13. grein - Deildarstjórnir

1. Deildarstjórnir fara með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda þeirra og hafa ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar. Deildarstjórn ber ábyrgð á því gagnvart aðalstjórn að rekstur deildar og fjárreiður séu í samræmi við lög félagsins og landslög.
2. Stjórn hvernar deildar skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, kjörnir á aðalfundi deildar og formenn flokksráða deildarinnar þar með talið formaður barna- og unglingaráðs deildarinnar.
3. Enginn einstaklingur getur gegnt meira en einu af ofangreindum embættum á sama tíma.
4. Stjórn er ályktunarbær sé meiri hluti stjórnarmanna mættur.
5. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði komi til kosninga innan stjórnar. Falli atkvæði jöfn hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi enda sé meirihluti stjórnarmanna viðstaddur.
6. Hætti stjórnarmaður getur stjórn tilnefnt stjórnarmann til bráðabirgða í hans stað að fengnu samþykki aðalstjórnar.
7. Stjórnir deildanna ráða faglærða þjálfara og ákveða laun þeirra. Við ráðningu þjálfara til yngri flokka skulu deildir hafa til hliðsjónar stefnuyfirlýsingu Íþrótt- og ólympíusambands Íslands um þjálfaramenntun. Ráðning skal staðfest af aðalstjórn.
8. Stjórn deildar samþykkir æfingagjöld deildar. Æfingagjöld skulu staðfest af aðalstjórn.



9. Stjórnir deilda skulu fyrir sitt leyti samþykkja fjárhagsáætlanir ráða næsta almanaksár og leggja fram til samþykktar hjá aðalstjórn fyrir lok nóvember ár hvert. Skili deild ekki fjárhagsáætlun hefur aðalstjórn heimild til að stöðva alla styrki til deildar.
10. Aðalstjórn er heimilt að leggja fyrir stjórn deildar að skila uppgjöri ársfjórðungslega telji aðalstjórn ástæðu til.
11. Brjóti stjórn deildar alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða í ljós koma alvarlegir misbrestir í starfi deildar er aðalstjórn rétt að beina áskorun til stjórnar deildar um tafarlaustar úrbætur á því sem aflaga hefur farið. Bregðist stjórn deildar ekki við skriflegri áskorun aðalstjórnar um úrbætur með fullnægjandi hætti innan 14 daga getur aðalstjórn vikið stjórn deildar til hliðar og tekið yfir rekstur deildar til bráðabirgða en aðalstjórn skal þá efna til aukaaðalfundar eins fljótt og við verður komið og ekki síðar en innan tveggja mánaða frá því að stjórn vék deildarstjórn til hliðar. Áskorun um úrbætur samkvæmt grein þessari telst löglega afhent þegar hún hefur verið birt tveimur stjórnarmönnum deildar með sannanlegum hætti.

Stjórn deildar ber ábyrgð á að deildin uppfylli kröfur HK og sé félaginu til sóma í hvívetna. Kröfur félagsins endurspeglast í eftirfarandi gátlista sem fullgild deildarstjórn þarf að uppfylla:

1. Hafa skýra framtíðarsýn og metnaðarfulla stefnu um að vera í fararbroddi sinnar íþróttagreinar innan ÍSí.
2. Vinna að jafnrétti kynjanna í bæði uppeldis- og afreksstarfi.
3. Leggja áherslu á faglegt uppeldisstarf og hámarksárangur afreksfólks
4. Skipa foreldraráð í öllum yngri flokkum.
5. Að rekstur afreksstarfs og barna og unglíngastarfs skal vera aðskilin í reikningsskilum deildar.
6. Vera með öfluga og virka sveit sjálfboðaliða.
7. Halda aðalstjórn upplýstri um áherslur sínar og áætlanir.

Formaður deildar

Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi deildarinnar. Hann er æðsti maður deildarinnar og ber höfuðábyrgð á starfi deildarinnar gagnvart félaginu sem og iðkendum.

HK gerir miklar kröfur til forystumanna sinna. Æskilegt er að formaður sé HK-ingur, hafi leiðtoga-hæfileika, þekkingu á íþróttinni og starfi deildarinnar, hafi tíma og aðstöðu til að sinna formenskunni og hreint mannorð.

Ábyrgð formanns:

Ábyrgð á öllu starfi deildarinnar, fjárhag, íþróttastarfi, félagsstarfi og framkomu deildarinnar og fulltrúa þess.

Skyldur og helstu verkefni formanns:

1. Fara að stefnu og lögum félagsins, boða og stjórna reglulegum fundum stjórnar.
2. Vera verkstjóri stjórnarinnar, útteila verkefnum og ábyrgð og fylgja verkefnum eftir.
3. Vera í reglulegum samskiptum við aðalstjórn, formann og framkvæmdastjóra HK.



4. Fylgjast með öllu starfi deildarinnar, sækja helstu viðburði afreksfólks félagsins, sýna iðkendum áhuga og fylgjast með og taka þátt í félagsstarfi eftir getu.
5. Koma fram fyrir hönd deildarinnar á vettvangi HK, stjórnvalda, heildarsamtaka íþróttta, annarra íþróttafélaga og annarra aðila.
6. Sitja fundi og íþróttáþing lands- og héraðssamtaka og hafa áhrif á mótun íþróttastefnu og umgjörðar um íþróttina.

Varaformaður deildar

Varaformaður er staðgengill formanns og tekur við formennsku ef formaður verður ófær um að sinna formennskunni auk þess að sinna hefðbundnum stjórnarstörfum og verkefnum sem stjórn felur honum sérstaklega. Varaformaður þarf því að hafa sambærilega eiginleika og uppfylla sömu kröfur og formaður.

Skyldur og helstu verkefni varaformanns

1. Stjórna fundum í forföllum formanns.
2. Sinna störfum og skildum í fjarveru formanns.
3. Situr fundi og íþróttáþing fyrir hönd deildarinnar.

Gjaldkeri deildar

Gjaldkeri sinnir hefðbundnum stjórnarstörfum auk þess að bera ábyrgð á fjáröflun og fjárhag deildarinnar. Gjaldkeri skal starfa náið með fjármála- og framkvæmdastjóra HK sem annast innheimtur og greiðslur fyrir deildina.

Æskilegt er að gjaldkeri hafi þekkingu á starfi deildarinnar, hafi tíma, aðstöðu og þekkingu til að sinna verkefninu, sé fjárhagslega sjálfstæður og hafi hreint mannorð.

Skyldur, ábyrgð og helstu verkefni gjaldkera

1. Hafa yfirsýn yfir og eftirlit með fjárhag deildarinnar.
2. Koma öllum gögnum, fylgiskjölum, samningum og upplýsingum um skuldbindingar til skrifstofu án ástæðulausrar tafar.
3. Fylgjast með því að bókhald sé rétt og tímanlegt og regluleg uppgjör séu gerð.
4. Vinna rekstraráætlanir í samstarfi með skrifstofu HK
5. Fylgjast með að rekstraráætlanir standist og hafa frumkvæði að breytingum á þeim ef þörf krefur.
6. Samþykkja eða hafna stórum skuldbindingum eða fjárfestingum.
7. Leita stöðugt leiða til að bæta rekstur og tekjur deildarinnar.
8. Hafa yfirumsjón með ársuppgjöri og gerð ársskýrslu.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri HK bera í umboði gjaldkera ábyrgð á færslu bókhalds og daglegum fjármálaumsvifum.



Ritari deildar

Ritari sinnir hefðbundnum stjórnarstörfum auk þess að bera ábyrgð á að haldið sé utan um og skráð hvaðeina sem skiptir máli í tilvist og sögu deildarinnar, fundargerðir stjórnar, ársskýrslur, félagaskrá, viðurkenningar, heiðursveitingar, afrek og annað sem skiptir máli.

Æskilegt er að ritari hafi þekkingu á starfi deildarinnar, tíma, aðstöðu og áhuga til að sinna verkefninu.

Skyldur, ábyrgð og helstu verkefni ritara

1. Rita aðalfundi og stjórnarfundir, leita eftir samþykki fundargerða, halda þeim saman og senda framkvæmdastjóra félagsins til upplýsinga og varðveislu.
2. Kalla eftir og halda utan um fundargerðir nefnda og vinnuhópa deildarinnar.
3. Rita ársskýrslu deildar og hafa umsjón með gerð og útgáfu hennar.
4. Fylgist með uppbyggingu, virkni og viðhaldi félagaskrár deildarinnar.
5. Ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með markaðsmálum og vefsvæði deildarinnar, fylgist með að einstakar einingar hafi fólk sem viðhaldi sínum hluta vefsins.

Ritara ber að tryggja að gögnum deildarinnar sé haldið til haga og þau aðgengileg starfsfólki og stjórnendum á hverjum tíma.

Skrifstofa HK og launaðir starfsmenn félagsins

Á skrifstofu HK starfa starfsmenn sem heyra undir aðalstjórn félagsins og sinna allt frá framkvæmdastjórn til ræstinga. Mikilvægt er að hafa í huga að starfsfólk félagsins hefur skilgreindan vinnutíma og er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir sjálfboðaliðastarf í félaginu.

Hlutverk skrifstofunnar er að sinna daglegum rekstri aðalstjórnar og deildum félagsins samanber þeim verkefnum sem falla undir skrifstofustörf sem hægt og er æskilegt að vinna á hefðbundnum vinnutíma. Skrifstofan þjónar deildunum og auðvelda sjálfboðaliðum starf þeirra. Á skrifstofunni verður til mikill þekkingar grunnur á rekstri og deilda þess. Skrifstofa félagsins leiðbeinir stjórnendum félagsins og deilda þess í störfum.

Skil milli starfsfólks, þjálfara, stjórnarmanna og sjálfboðaliða

Deildir bera ábyrgð á sínu starfi, rekstri og fjármálum en starfsfólk skrifstofu er sjálfboðaliðum og starfsmönnum deilda innan handar, sérstaklega hvað varaðar hefðbundin stjórnunar og rekstarleg verkefni sem hægt er að vinna á hefðbundnum skrifstofutíma. Verkefni sem tengjast íþróttastarfinu og eru í flestum tilfellum utan hefðbundins vinnutíma - samanber mót, dómaramál, þjálfun, framkvæmd leikja og annarra viðburða, fjáraflanir flokka eða deilda er utan verksviðs skrifstofu HK.

